



www.fib.is

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. p 133/1559
komudagur 12.3.2003/11

Reykjavík 12. mars 2007

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda varðandi tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007 til 2010, 574 mál og 2007 til 2018, 575 mál.

Umsögninni er skilað eftir að takmarkaður frestur samgöngunefndar rann út. Það er mat stjórnar FÍB að til að auka lýðræðis- og fagleg vinnubrögð við samgönguáætlun þurfi stjórnvöld að áætla lengri tíma til kynningar og umsagnar á áætluninni.

Stefnumótun

FÍB tekur undir flest af því sem sett er fram í stefnumótuninni í upphafskafli 12 ára áætlunarinnar. FÍB er sammála því að treysta þurfi áherslur varðandi hreyfanleika í samgöngukerfinu m.a. með bættu aðgengi og aukinni afkastagetu kerfisins. Aðgengið þarf að vera fjölbreytt og bjóða upp á valkosti sem eru öruggir. Þessi markmið eru í anda stefnu FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeigendafélaga, en FÍB er undir regnhlíf þeirra samtaka.

Umferðaröryggi

FÍB fagnar auknum áherslum og fjárveitingum til umferðaröryggismála sem settar eru fram í sérstakri umferðaröryggisáætlun en hún er hluti af samgönguáætlun 2007 til 2010. Markmiðin eru metnaðarfull en um leið framkvæmanleg. Það er jákvætt að farið er yfir einstök verkefni og forgangsraðað út frá árangurs- og arðsemimarkmiðum. Það ber vott um framsýni stjórnvalda að fjárfesta í skýrt mörkuðum verkefnum á sviði umferðaröryggismála. Stjórn FÍB er sannfærð um að þessar aðgerðir muni skila samfélaginu verulegum arði í nánustu framtíð.

Fjármál

Það er mjög jákvætt að í tillögunum eru framlög til vegamála stóraukin. Nauðsynlegt er að auka fjárfestingu í vegakerfinu sem um margt er mjög frumstætt. Vegabætur auka öryggi vegfarenda, treysta samkeppnisstöðu og jafnræði á milli landshluta og eru í flestum tilvikum umhverfislega jákvæðar.

Tekjur og framlög til vegamála í næstu 12 ára samgönguáætlun eru ríflega 324 milljarðar króna. Fyrir árið 2007 á ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar að vera 18.150 milljón krónur. Strax árið 2008 á að auka við fjárveitingar upp í 29.274 milljón krónur og til viðbótar er áætlað að afla 3 milljarða króna með sérstakri fjáröflun. Gert er ráð fyrir að um 27 milljarðar króna á ári verði að meðaltali til ráðstöfunar næstu 12 árin. Reynslan kennir




HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
+354 414 9999

MYNDSENDIR:
TELEFAX:
+354 414 9998

NETFANG:
E-MAIL:
fib@fib.is

KENNITALA:
REG. NUMBER:
530169-7749



okkur að vegaáætlun rétt fyrir kosningar getur orðið marklaust plagg í kjölfar kosninga. En áætlunin er pólitísk viðurkenning á þörfinni og sýnir að uppbygging vegakerfisins hefur ekki verið í takt við aðra uppbyggingu í samfélaginu .

Gangi þessar áætlanir fram stóreykst framkvæmdafé til fjárfestinga í vegakerfinu samanborið við undanliðin ár. Þrátt fyrir það eru framlögin ekki nema ríflega helmingur framreiknaðra skatttekna ríkisins af bílum og umferð yfir sama tímabil. Bíleigendur borguðu í ríkissjóð á liðnu ári um 50 milljarða króna og af því runnu 13,3 milljarðar króna til vegamála. Til nýframkvæmda í vegagerð var varið 5,9 milljörðum króna eða innan við 6% af bílasköttunum.

Ákveðnir aðilar innan stjórnkerfisins virðast fyrst og fremst líta á fjölskyldubílinn og eðlilegt flæði umferðar sem góða og auðvelda tekjuuppsprettu fyrir hið opinbera. Nú þegar búa íslenskir bíleigendur við það að vera meðal skattþindustu bíleigenda í veröldinni. Landið er dreifbýlt, fámenn og stórt, veður oft váland og almenningssamgöngur mjög takmarkaðar. Einkabíllinn er ekki lúxus heldur nauðsynlegt nytja- og öryggistæki í gangverki daglegs lífs.

Sérstök fjáröflun

Höfundar samgönguáætlunar staðhæfa að ýmsum brýnum verkefnum í samgöngumálum verði ekki sinnt, nema til komi aukin fjáröflun. Í ljósi tekna ríkisins af bíleigendum þá er stjórn FÍB ósammála þessari staðhæfingu. Framkvæmdir í vegagerð eru og verða hluti af forgangsröðun verkefna í samfélaginu og stjórnvöld hafa passað kirfilega upp á það á liðnum áratugum að afla tekna af bíleigendum langt umfram framlög til vegabóta.

Í áætlun um fjáröflun til næstu 12 ára á að afla 45,3 milljarða króna með svokallaðri sérstakri fjáröflun. Ekki er lögð fram skýr stefna varðandi þessa sérstöku fjáröflun heldur vísað í nýlegt álit nefndar um einkaframkvæmd en þar er ekki tekin afgerandi afstaða til leiða eða aðferða. Í umræðu um vegakerfið og endurbætur á því, sérstaklega leiðunum út frá höfuðborgarsvæðinu, hafa verið viðráðar hugmyndir um að innheimta veggjöld. Rétt er að vara alvarlega við öllu gjaldtökuhjali. Bifreiðaeigendur hafa árum saman verið rukkaðir um ofur bílaskatta sem aðeins að litlu leyti hafa runnið til vega.

Skattlagning á bíla og umferð

Hugmyndir í áætlunum um breytingar á skattlagningu eignarhalds og notkunar bíla eru mjög almennt orðaðar og FÍB varar við skyndilausnum. Skatttekjur ríkissjóðs af bíleigendum eru um 50 milljarðar króna á ári. Þarna er um verulegar upphæðir að ræða og alls ekki forsvaranlegt að auka þessa skattheimtu. Vörugjöld á bifreiðar hér á landi eru með því hæsta sem þekkist í löndum á evrópska efnahagssvæðinu og öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Þau hafa það í för með sér að bifreiðar eru dýrari hér á landi en efni standa til. Dýrari en í mörgum þéttbýlum og fjölmönnum löndum þar sem þörfin fyrir að eiga og reka bíl er ekki jafn brýn og hún er í stóru og strjálbýlu landi eins og Íslandi. Í núverandi kerfi leggur neyslustýringin stein í götu þeirra fjölskyldna sem vegna stærðar sinnar, búsetu eða annarra aðstæðna þurfa á stærri og öflugri bifreiðum að halda. FÍB leggur til að farið verði yfir skattlagningu á bíla og umferð með áherslu á umhverfið, öryggi og jafnræði. Fulltrúi bíleigenda þarf að koma að þessu starfi.


Forgangsröðun

Fram kemur í samgönguáætluninni í kafla 1.2 að vinna eigi að ýmsum verkefnum til þess að ná fram hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Sumt af því er vel þekkt og aðgengilegt til nota. Þetta á m.a. við um *þróun aðferða til kostnaðar/nytjagreiningar til nota við forgangsröðun verkefna*. Mikil umræða er um skiptingu vegafjár til framkvæmda á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar. Ljóst er að mest aukning umferðar hefur orðið á Suðvesturlandi og þar með mest aukning sértekna til vegagerðar. Þessi landshluti þarf á mikilli uppbyggingu að halda og eðlilegt að yfirvöld skoði það nánar. FÍB telur mikilvægt að arðsemi og öryggi vegi þyngst varðandi forgangsröðun í vegagerð. Þrátt fyrir þessa forgangsröðun er nauðsynlegt að taka tillit til byggðasjónarmiða varðandi vegaframkvæmdir til að tryggja tengingu byggða og umferð ferðamanna. Aðgreining akstursstefna á fjölförnustu vegum og útrýming einbreiðra brúa er forgangsverkefni næstu ára.

Gerð samgönguáætlunar

Samgönguáætlun er pólitískt plagg sem getur tekið miklum breytingum á milli kosninga. En samgönguáætlun er einnig stefnumótun og sýn stjórnvalda til næstu ára. Samgönguráð undirbýr samgönguáætlun. Formaður er skipaður af samgönguráðherra en einnig sitja þar forstjórar Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar. Starfsmenn nefndarinnar eru frá Samgönguráðuneytinu. Samgönguráðherra leggur áætlunina fram og það er erfitt að greina á milli hvaða áherslur eru komnar frá fagstofnununum og hvað eru pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar. FÍB telur ástæðu til að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að faglegar tillögur embætta flug-, siglinga- og vegamála séu kynntar sérstaklega um leið og þær eru sendar samgönguráðuneytinu. Ráðherra hefur þessi gögn til hliðsjónar varðandi gerð samgönguáætlunar og þá er auðveldara að greina á milli faglegra og pólitískra tillagna.

Fyrir hönd stjórnar FÍB



Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri